

Fundargerð 162. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagurinn 25.nóv 2025
Fundartími:	Flóaskóli 16:40 – 17:40 Sameiginlegt 17:40 – 17:50 Krakkaborg 17:50 – 18:30
Fundarmenn:	Bjarni Stefánsson, formaður Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður forfölluð Axel Páll Einarsson ,ritari Hjalti Guðmundsson, aðalmaður Sveinn Orri Einarsson, varamaður Sævar Örn Sigurvinsson , aðalmaður forfallaður Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla Hafðís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar forfölluð Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

Flóaskóli

1. Fréttir af skólastarfinu

Að afloknu haustleyfi var settur af stað lestrarsprettur á öllum stigum skólans. Taldar voru þær mínútur sem nemendur vörðu til lestrar bæði í skóla og heima og nemendur söfnuðu poppbæunum. Mánudag 10.11. var svo uppskeruhátíð lestrarsprettisins í tveimur síðustu tímum dagsins. Þá var sett upp kvikmyndahús í sjö kennslustofum, þar sem nemendur gátu farið á mynd að eigin vali, boðið var upp á popp úr bæunum sem búið var að safna.

Þennan sama dag voru vinaleikar þar sem vinabekkir sinntu verkefnum saman.

Íslensku menntaverðlaunin 2025 voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 4. nóvember 2025. Eins og áður hefur komið fram var Örvar íþróttakennari tilnefndur til verðlaunanna í flokknum framúrskarandi kennari og hlaut síðan viðurkenninguna Framúrskarandi kennari 2025. Við erum afar stolt af þessum verðlaunum og þeirri viðurkenningu sem þau fela í sér fyrir íþróttakennsluna okkar og þann einstaka árangur sem nemendur okkar sína ár eftir ár í skólahreystinni. Það er mikil gæfa fyrir lítinn sveitaskóla að hafa í sínum röðum kennara eins og Örvar.

Síðasta þema fyrir jól er unnið út frá grunnþættinum sjálfbærni. Elstu nemendur skólans eru að vinna með fjármálalæsi og tengja það undirbúningi jóla og jólahaldi. Miðstigs nemendur beina sjónum sínum að trúarbrögðum heimisins. Þemaverkefni yngstu nemendanna nefnist Fjöll og tröll og enda þau sitt þema með sýningu í Þjórásarveri þar sem öll viðfangsefni eru unnin úr endurnýttu efni.

Þriðjudaginn 18.11. fengum við til okkar góðan gest dr Erlu Björnsdóttur, sálfræðing og framkvæmdastjóra Betri svefnis. Hún var með fræðslu fyrir nemendur elsta stigs á skólatíma, fyrir kennara á fundartíma þeirra og foreldra / forráðamenn allra nemenda skólans kl 20:00 um kvöldið. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar gefa sterkar vísbendingar um að svefnvenjur nemenda í 6.-10. bekk séu að verða verri, mikill munur er milli ára 2024 og 2025. Því töldum við ærna ástæðu til að fá fræðslu til allra um þetta efni. Foreldrafélag skólans greiddi fyrir foreldrafræðsluna og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Smiðjurnar okkar á elsta stigi í nóvember voru mjög metnaðarfullar og glæsilegar. Við áttum því láni að fagna að fá Háskólalestina til okkar annað smiðjudaginn, fimmtudaginn 20.11. Háskólalestin býður upp á kennslu í grunnskólum og spennandi og lifandi Opið vísindahús með undrum vísindanna fyrir allt heimafolk. Áhöfn Háskólalestarinnar skipar fræðafólk og framhaldsnemar við Háskóla Íslands, öll með mikla reynslu í miðlun og kennslu. Jafnframt hafa vísindamenn frá rannsóknasetrum HÍ lagt sitt af mörkum til fræðslunnar.

Í boði voru fjölbreytt námskeið og smiðjur fyrir grunnskólanemendur, sem og kennarasmiðjur fyrir kennara. Kennt var í Flóaskóla.

Seinni smiðjudaginn 21.11. fóru allir nemendur elsta stigs í menningarferð til Reykjavíkur þar sem blandað verður saman fróðleik og skemmtun. Nemendur í 8. bekk fóru á Þjóðminjasafnið, í Norrænahúsið og í Borgarleikhúsið. 9. bekkingar fóru á Hönnunarsafnið og í Landhelgisgæsluna. 10. bekkingar fóru í Tækniskólann og á Alþingi. Deginum lauk á Selfossi, fyrst fóru krakkarnir á Sviðið þar sem þau fengu að borða pitsu og rappararnir Issi og BigJoe skemmtu þeim. Klukkan 20:00 tóku félagsmiðstöðvarnar við keflinu og fóru með krakkana á ball í Hvítahúsinu.

Nemendur á miðstigi fóru í smiðjur í Flúðaskóla á fimmtudeginum og gengu þær mjög vel.

Kórastarfið í Flóaskóla gengur vel og er ánægjulegt hversu góð þátttakan er, en alls eru 50 nemendur á yngsta og miðstigi sem hafa valið að syngja í kór. Yngri barnakórinn kom fram í messu í Hraungerði þann 9. nóvember og söng 3 lög, þar af eitt með kirkjukórnum. Báðir kórarnir munu svo koma fram á Aðventuhátíð Flóahrepps 4.12. næstkomandi.

Mánudaginn 24.11. fóru nemendur í 1. bekk í Skagás með elstu nemendum Krakkaborgar þar fengu þau tvö tré gefins sem sett verða upp í skólanum.

Þriðjudag 25.11. fóru nemendur í 1.-4. bekk í vasaljósaferð í hellinn í Kolsholti.

Í desember tökum við á móti jólahátíðinni með uppbroti á nokkrum vel völdum skóladögum.

1. desember er kyndlaganga og skreytingadagur. Þá koma allir nemendur saman að morgni og ganga saman um skólalóðina með kyndla og vasaljós. Að göngu lokinni er boðið upp á kakó og smákökur og Flóahreppur býður upp á köku. Síðan er Flóaskóli skreyttur jólaskrauti hátt og lágt.

11. desember er jólaskemmtum 1. – 7. bekkjar. Nemendur bjóða fjölskyldum sínum til samveru í Þjórsárveri og sýna helgileik og leikrit. Boðið verður upp á hressingu að sýningu lokinni.

16. – 18. desember er jólahringekja. Þá vinna nemendur í blönduðum aldurshópum að fjölbreyttum verkefnum t.d. bakstri, hönnun, hreyfingu og fleiru.

19. desember eru stofujól. Nemendur koma spariklæddir í skólann og eiga hátíðlega stund með umsjónarkennara sínum. Við endum svo skólastarf árið 2025 og sendum nemendur í jólafrí með jóladiskói þar sem Dj Arrows heldur uppi stuðinu.

2. Stoðþjónusta Flóaskóla.

Stoðþjónustan kynnt fyrir Fræðslunefnd til fróðleiks og yndisauka, farið yfir innihald, verkefni og virkni. Í stuttu máli er;

„Stoðþjónusta heiti yfir þau úrræði sem skólinn býr yfir og er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemenda með því að leggja áherslu á styrkleika og um leið efla aðra þætti á jákvæðan hátt. Markmið stoðþjónustunnar er ávallt að sinna þörfum hvers og eins með stuðningi og kennslu við hæfi, í lengri eða skemmri tíma.“

3. Skólastefna Flóahrepps

Fræðslunefnd bendir á að Skólastefna Flóahrepps sé að renna út og undirbúningur fyrir endurnýjun þyrfti að fara af stað. Stjórnendur Flóaskóla eru aðeins byrjaðir að rýna vinnuna sem gæti farið fram með nýrri sveitarstjórn í vor. Flóaskóli setti fram nokkur orð;

„Við í Flóaskóla sjáum fyrir okkur að nýta vorönn til að rýna skólastefnuna og undirbúa endurskoðun.

Við sjáum fyrir okkur að stofna vinnuhóp : 2 nemendur af elsta stigi (úr nemendaráði), 2 almennir starfsmenn, 2 kennarar, stjórnendur, 2 foreldrar, sem myndu funda u.þ.b. 3x á vorönn.

Lögð áhersla á að rýna stefnuna út frá því hvernig hún nýtist skólanum og hvernig best er að tengja hana við skólastarfið.“

4. Fjárhagsáætlun 2026

Engar viðbætur frá síðasta fundi. Var tekin fyrir hjá sveitarstjórn og lítið við það að bæta frá Fræðslunefnd.

5. Íslenska æskulýðsrannsóknin

Farið var yfir Íslenska æskulýðsrannsóknina og kynnt hennar niðurstöður fyrir Fræðslunefnd, einkum þau atriði sem varða Flóaskóla og ætlunin er að vinna með þar.

6. Samræmd dagsetning innritana í grunnskóla

Kynntar voru hugmyndir um fyrirhugaðar, samræmdar dagsetningar innritunar í grunnskóla landsins sem Menntamálaráðuneytið vill koma á vegna gagnagrunns yfir nemendur allra grunnskóla landsins.

Fundurinn er ekki með nógu miklar upplýsingar til að taka einhverja afstöðu.

7. Önnur mál

Vakin var athygli á bókun sveitastjórnar varðandi að skólamáltíðir verða áfram gjaldfrjálsar.

Pennan lið sátu; Axel Páll, Bjarni, Hjalti, Sveinn, Þórunn, Hafðís og Bryndís.

Sameiginlegt

Engin Sameiginleg mál.

8. Önnur mál.

Krakkaborg

9. Fréttir af skólastarfinu.

Vegna veikinda sendi leikskólastjóri á okkur nokkrar fréttir.

„Það hefur verið mikið um að vera hjá okkur í nóvember mánuði.

Þar ber efst á baugi að við bættum við Bambahúsið okkar og erum því komin með þrefalt hús sem nýtist okkur í ræktun sem og bættri útikennslu aðstöðu. Í miðju húsins er svæði þar sem við sjáum fyrir okkur að setja upp lítil borð og kolla svo við getum gert verkefni, borðað hádegismat nú eða bara til að spjalla um daginn og veginn. Nú vantar okkur bara einhvern handlaginn í það að helluleggja smá fyrir okkur svo við getum farið að nota húsið í botn.

Í byrjun mánaðar sátu allir starfsmenn leikskólans saman með öðrum leikskólum í uppsveitunum og kynntum við handbókina okkar um snemmtæka íhlutun ásamt því að fá fyrirlestra frá miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Dagurinn var vel heppnaður og er það í kortunum að halda áfram með sameiginlega starfsdaga en það á eftir að fönndra þá betur saman í samstarfi við aðra leikskóla og fleiri.

Það hafa einhverjar haustflensur verið að reyna að skjóta rótum hjá okkur og það leikur okkur mis grátt eins og alltaf. Starfsfólki og nemendum hefur verið boðið að þiggja bólusetningar við influensu en nú eru börn fædd á árunum 200-2025 í forgangi og fengu foreldrar skilaboð um að það væri sniðugt að skoða þann kost. Við fullorðna fólkið stöndum okkur misvel að dusta þessa flensu af okkur en enn sem komið er höfum við náð að standa vaktina án allra takmarkana og vonandi helst það áfram.

Einn starfsmaður er farin í veikindaleyfi en það er ekki vita hversu langt það verður. Ef leyfið verður þeim mun lengra þarf að bregðast við því með auknum starfafla og jafnvel tilfæringum innan leikskólans.

Útskriftarnemendur hafa nú farið í Skagás og sagað niður eitt grenitré sem verður sett út á engi og skreytt þegar nær dregur að aðventu en eins og venjulega reynum við í leikskólanum að stilla öllu í hóf í desember. Við gerum okkar besta í að halda stemmningunni yfirvegaðri og einblínum á að njóta.“

10. Handbók um snemmtæka íhlutun

Lögð var fyrir fundinn Handbók sem var unnin með Skóla- og velferðarþjónustu um snemmtæka íhlutun til að aðstoða börn með ýmsan vanda. Fræðslunefnd fagnar þessari bók sem virðist vera gott vinnuþlagg.

11. Umhverfisstarf/Grænfáni

Ekki hægt að fara í þetta mál að svo stöddu og frestað til næsta fundar

12. Fjárhagsáætlun 2026

Engar breytingar eða viðbætur frá síðasta fundi og málið því afgreitt.

13. Önnur mál.

Fræðslunefnd hvetur starfsfólk leikskólans að velja sér áheyrnar fulltrúa til þess að mæta á fundi Fræðslunefndar.

Þennan lið sátu; Axel Páll, Bjarni, Hjalti, Sveinn, og Helga.